

Borgarráð

Rafræn gagnagátt um fjármál Reykjavíkurborgar

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 24. ágúst sl. voru tillögur og kostnaðarmat fjármálaskrifstofu um rafræna gagnagátt um fjármál Reykjavíkurborgar kynntar og samþykkti ráðið að vísa þeim til borgarráðs til kynningar og samþykktar með eftirfarandi bókun:

„Stjórnkerfis- og lýðræðisráð tekur undir tillögur fjármálaskrifstofu um birtingu opinna gagna annars vegar og rafræna gagnagátt hins vegar. Erindreka gagnsæis og samráðs er falið að fylgja þeim eftir. Mælt er til að fjármálaskrifstofa leiti leiða til þess að inna verkefni sem skapast vegna tillagnanna af hendi með sem hagkvæmustum hætti. Tillögunum er vísað til borgarráðs til kynningar og samþykktar.“

Forsaga málsins er sú að hinn 2. október 2012 samþykkti borgarráð eftirfarandi tillögu:

„Borgarstjórn samþykkir að upplýsingar um allar kostnaðargreiðslur borgarinnar verði gerðar almenningi tiltækar með rafrænum hætti á netinu. Borgarráði er falið að skipa starfshóp til að vinna að málinu og skila tillögum um hvernig staðið verði að slíku verkefni fyrir 15. mars næstkomandi.“

Í framhaldi af því var skipaður starfshópur sem skilaði tillögum sem kynntar voru í borgarráði þann 6. febrúar 2014. Borgarráð vísaði tillögunum til kynningar í stjórnkerfisnefnd og til kostnaðarmats hjá fjármálaskrifstofu. Sú kynning fór fram á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 15. september 2014. Kostnaðarmat ásamt nánari tillögum var svo kynnt í stjórnkerfis- og lýðræðisráði eins og að framan greinir þann 24. ágúst sl.

Meðfylgjandi eru ofangreindar tillögur sem vísað er til borgarráðs til kynningar og samþykktar.

Ásta Guðrún Beck

Til stjórnkerfis- og lýðræðisráðs

Efni: Rafræn gagnagátt um fjármál Reykjavíkurborgar. Tillaga vegna birtingar á fjárhagsupplýsingum Reykjavíkurborgar

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 15. september 2014 fór fram kynning á vinnu um opið bókhald. Ráðið samþykkti svohljóðandi bókun: „*Með hliðsjón af skýrslu starfshóps um tillögur um útfærslu og innleiðingu gagnagáttar um fjármál Reykjavíkurborgar felur stjórnkerfis- og lýðræðisráð fjármálaskrifstofu að framkvæma kostnaðarmat á opnun á hrágögn um fjármál borgarinnar annars vegar og rafrænni gagnagátt um fjármál borgarinnar hins vegar. Stjórnkerfis- og lýðræðisráði verði haldið upplýstu um framgang mála.*“

Fjármálaskrifstofa hefur á síðustu mánuðum unnið að nánari útfærslu og undirbúningi að birtingu gagna sem byggir á tillögum *Starfshóps um útfærslu og innleiðingu gagnagáttar um fjármál Reykjavíkurborgar* og skilaði af sér í febrúar 2014. Að þessari vinnu hefur komið vinnuhópur stjórnenda og sérfræðinga á fjármálaskrifstofu og öðrum skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu. Vinnuhópurinn var skipaður Halldóru Káradóttur deildarstjóra áætlunar- og greiningardeildar sem leiddi hópinn, Rebekku Helgu Aðalsteinsdóttur Agresso sérfræðingi, Guðleifu Eddu Þórðardóttur sérfræðingi á fjármálaskrifstofu, Þórhildi Ósk Halldórsdóttur deildarstjóra tölfræði og greiningardeildar og Hreini Hreinssyni deildarstjóra upplýsinga- og vefdeildar. Þá komu Ásta Guðrún Beck erindreki gagnsæis og samráðs að undirbúningi og Tryggvi Björgvinsson ráðgjafi um birtingu opinna gagna. Afrakstur þessarar vinnu er að finna í hjálagðri *Skýrslu vinnuhóps um rafræna gagnagátt, Tillögur og greinargerð um birtingu á fjárhagsupplýsingum Reykjavíkurborgar*, þar sem kynntar eru tillögur að umgjörð, framkvæmd og verklagi við birtingu gagna ásamt kostnaðarmati.

Tillögur hópsins eru í meginatriðum eftirfarandi:

Lagt er til að opin gögn verði birt í rafrænni gagnagátt á vef Reykjavíkurborgar og á vefnum Opin gögn, www.opingogn.is. Hér er um að ræða gagnaskrár með óunnum hrágögnum úr fjárhagskerfi borgarinnar, skv. nákvæmri skilgreiningu hverju sinni.

Lagt er til að rafræn talnaborð verði þróuð og gerð aðgengileg fyrir birt gögn eða hluta birtra gagna á vef Reykjavíkurborgar, en slík lausn býður upp á úrvinnslu gagna og myndræna framsetningu.

Lagt er til að ábyrgð á birtingu gagna og framkvæmd, þar með talið verkferill vegna birtingar opinna gagna og notendaskilmálar gagnasafna, verði með þeim hætti sem nánar er lýst í hjálagðri skýrslu.

Lagt er til að innleiðing verði fjármögnuð í samræmi við hjálagða kostnaðaráætlun með þeim fyrirvörum sem þar koma fram.

Hjálagt er að finna nánari umfjöllun um tillögur hópsins og ítarlega greinargerð með þeim. Vakin er athygli á því að umfjöllunin miðar ekki aðeins að umgjörð og verklagi við birtingu fjárhagslegra opinna gagna, heldur almennt um birtingu opinna gagna Reykjavíkurborgar.



*Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri Reykjavíkurborgar*



*Halldóra Káradóttir,
skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu.*

Skýrsla vinnuhóps um rafræna gagnagátt

Tillögur og greinargerð um birtingu á fjárhagsupplýsingum Reykjavíkurborgar

1. Birting gagna

Lagt er til að opin gögn verði birt í rafrænni gagnagátt á vef **Reykjavíkurborgar** og á vefnum **Opin gögn**, www.opingogn.is. Hér er um að ræða gagnaskrár með óunnum hrágögnum úr fjárhagskerfi borgarinnar, skv. nákvæmri skilgreiningu hverju sinni.

Lagt er til að rafræn talnaborð verði þróuð og gerð aðgengileg fyrir birt gögn eða hluta birtra gagna á vef Reykjavíkurborgar, en slík lausn býður upp á úrvinnslu gagna og myndræna framsetningu.

Öll opin gögn og gagnapakkar verði vistuð hjá Reykjavíkurborg og birt á sérstöku gagnasvæði á vef borgarinnar, www.reykjavik.is. Þessum gögnum verði jafnframt streymt á www.opingogn.is og munu sömu skilmálar gilda á báðum vefsvæðum. Birting gagna á www.opingogn.is verður framkvæmd með einfaldri vefþjónustu frá vef borgarinnar.

1.1. Birting gagna á vef Opinna gagna

Vefurinn **Opin gögn**, www.opingogn.is, er opinbert vefsvæði sem er í umsjón vefsins **Ísland.is**, www.island.is, sem vistaður er hjá **Þjóðskrá Íslands**. Vefurinn er samstarfsverkefni á vegum hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga og stofnana á þeirra á vegum. Sex stofnanir hafa birt gögn á vefsvæði opinna gagna og er Reykjavíkurborg ein þeirra. Þau gögn sem Reykjavíkurborg hefur þegar birt eru að meginstofni til úr Landupplýsingakerfi borgarinnar.

Gögnin sem birt eru á vef Opinna gagna eru hrágögn sem þýðir að þau hafa ekki verið unnin með neinum hætti, en eru nægjanlega ítarleg til að notandi sem hefur tæknikunnáttu getur unnið úr þeim, greint og jafnvel keyrt saman við önnur gagnasöfn. Dæmigerð hrágögn eru t.d. gögn á CSV formi (comma separate values) eða textaskrár. Mikilvægt er að hafa í huga að það að opna gögn og birta gagnasöfnin, hvort sem er fjárhagsgögn eða önnur opinber gögn, gagnast fyrst og fremst þeim sem hafa þekkingu til að vinna úr gögnum og nýta sér framsetningu þeirra með margvíslegum hætti. Þess er vænst að þetta aukna aðgengi skapi tækifæri fyrir fyrirtæki og frumkvöðla til þess að búa til verðmæti úr gögnunum sem geti nýst til að fjölga störfum og setja styrkari stoðir undir sprotafyrirtæki sem starfa á því sviði.

Leitað var upplýsinga um heimildir Reykjavíkurborgar til að birta gögn á vef Opinna gagna og var fundað sérstaklega með fulltrúum innanríkisráðuneytisins sem leiða verkefni um birtingu opinna

gagna á vegum ríkisins þ.e. Guðbjörgu Sigurðardóttur og Tryggva Björgvinssyni, sem jafnframt starfar sem sérfræðingur hjá Open Knowledge Fund. Á fundi með þeim kom fram að vefurinn hefði verið settur upp með það fyrir augum að sveitarfélög nýti sér hann til birtingu gagna og ekki gert ráð fyrir að þau bæru af því neinn kostnað umfram eigin vinnu við tengingar, samantekt og uppsetningu gagna. Ríkið bæri alfarið kostnað af hýsingu og umsjón með vefsvæðinu sjálfu. Fyrir liggi að borgin hefur heimild til þess að birta gögn á svæðinu svo fremi hún virði þá skilmála sem gilda um birtingu gagna á vefnum.

1.2. Birting gagna á vef Reykjavíkurborgar í rafrænni gagnagátt

Reykjavíkurborg ber ríka ábyrgð á því að birta þau gögn sem mikilvæg teljast til þess að upplýsa íbúa um starfsemi sveitarfélagsins þannig að allir geti myndað sér skoðun og tekið ákvarðanir á grunni réttra og skiljanlegra upplýsinga. Því er lagt til að sett verði upp heildstæð **rafræn gagnagátt** á vef borgarinnar, www.reykjavik.is, þar sem gögn verða sett fram með þeim hætti að auðvelt verði að fá yfirsýn yfir starfseminna og unnt að kafa dýpra í gögnin kjósi menn það.

Í rafrænni gagnagátt verði helstu fjárhagsupplýsingar borgarinnar birtar t.d. fjárhagsáætlanir, ársreikningar, árshlutauppgjör og rekstraruppgjör eftir stofnunum og þjónustupáttum. Slíkar upplýsingar verði í ríkari mæli dregnar fram með myndrænum hætti sem sýnir hvernig skatttekjum er ráðstafað.

Fyrstu skrefin í opnun heildstæðrar rafrænnar gagnagáttar er að gera gagnaskrár opinna gagna aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar í rafrænni gagnagátt samtímis eða um leið og þær eru birtar á vefnum www.opingogn.is. Skrárnar verði í fyrstu eingöngu birtar með sambærilegum hætti og á vef Opinna gagna en gert er ráð fyrir að ofan á þær verði lögð talnaborð með fjölþættri virkni eftir því sem við á. Markmiðið er að gefa heildstæða mynd af fjármálum borgarinnar á einum stað og að gögnin verði sett fram þannig að það þjóni sem flestum óháð kunnáttu við úrvinnslu gagna. Með þeim hætti stuðli borgin að því að gera betur grein fyrir því hvernig skattfé er ráðstafað og hver kostnaður er við helstu þjónustupætti í rekstri.

Gera þarf ráð fyrir aðkeyptum sérfræðikostnaði við smíði og viðhald talnaborða sem lögð eru ofan á gögn í rafrænni gagnagátt. Bent er á að til framtíðar er gert ráð fyrir að birt verði á vef Reykjavíkurborgar gögn sem eru meira unnin en þau gögn birt er á vef Opinna gagna og ýmis tækifæri eru þar til þróunar, til dæmis í gegnum Árbók Reykjavíkurborgar, en þá má að sama skapi gera ráð fyrir auknum innri kostnaði við uppfærslu á vefköflum auk kostnaðar við smíði og viðhald talnaborða.

Markmiðið er að gera kostnað við þjónustu og rekstur borgarinnar sýnilegan. Í þessu samhengi verði einnig unnið að því að gera gögn úr Árbók Reykjavíkurborgar aðgengilegri.

2. Framkvæmd

Lagt er til að ábyrgð á birtingu gagna og framkvæmd, þar með talið verkferill vegna birtingar opinna gagna og notendaskilmálar gagnasafna, verði með þeim hætti sem lýst er hér.

2.1. Umgjörð, umsjón, ábyrgð

Fylgt verði upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar um aðgengi íbúa að upplýsingum¹. Í henni felast víðtæk fyrirmæli um birtingu fjárhagsgagna og er þar kveðið á um að upplýsingar, þ.m.t. fjárhagsupplýsingar, skuli vera aðgengilegar á opnum gagnasniðum á tölvutæku formi eftir því sem við verði komið.

Lagt er til að ábyrgð á útgáfu opinna gagna hjá Reykjavíkurborg skiptist í nokkra þætti.

Ábyrgð á því að birta gagnasöfn sem opin gögn liggur **hjá viðkomandi sviðsstjóra** eða eftir atvikum hjá **skrifstofustjórum miðlægrar stjórnarsýslu** ef gögnin eru þaðan.

Auk ábyrgðarmanns gagnasafns (sviðsstjóra/skrifstofustjóra) verði með hverju opnu gagnasafni tilgreindur **umsjónarmaður**.

Miða skal við að allar upplýsingar sem heimilt er að birta verði í gagnasöfnum nema í þeim tilvikum að opinber birting sé óheimilt að lögum eða samningum eða varði viðkvæmar persónuupplýsingar. Leiki vafi á því hvort lagalegar takmarkanir séu á opnun gagna veitir **borgarlögmaður** ráðgjöf og sker úr um vafaatriði sem upp kunna að koma.

Upplýsinga- og vefdeild ber ábyrgð á því að til sé opin og einföld leið til að gefa út gagnasöfn sem opin gögn. Mælt er með að það sé t.d. gert með því að fyllt sé út **vefform** með nauðsynlegum upplýsingum um gagnasafnið og gagnasafnið sjálft fylgi svo með í viðhengi.

Upplýsinga- og vefdeild og upplýsingatæknideild aðstoða viðkomandi svið eftir þörfum og eftir að gagnasafn hefur verið gefið út sér umsjónarmaður þeirra um að uppfæra gögnin.

Upplýsingum um fjölda gagnasafna, tegund og umsjónarmenn verður viðhaldið miðlægt á **skrifstofu borgarstjóra og borgarritara** og best er að slíkt sé gert með vélrænum hætti. Ella þurfa umsjónarmenn að tilkynna skrifstofunni um ný gagnasöfn sem gefin eru út sem opin gögn.

Lýsigögn og tenging við umsjónarmann gagnasafns (t.d. netfang) skal fylgja með opnum gögnum.

Umsjónarmaður gagnasafns tekur á hverju sviði við **ábendingum og fyrirspurnum** hvað varðar sjálf gögnin og birtingu þeirra.

Efnislegar ábendingar og fyrirspurnir sem vakna við skoðun gagnanna, t.d. um rekstur Reykjavíkurborgar, fara í hefðbundið ferli og geta fyrirspyrjendur bæði haft samband við **sviðstjóra, skrifstofustjóra miðlægrar stjórnarsýslu eða borgarfulltrúa**. Þjónustuver greiðir veg þeirra sem ekki vita hvert beina eigi fyrirspurnum eða ábendingum. Berist slíkar fyrirspurnir til umsjónarmanns ber honum að koma þeim í réttan farveg. Einnig má benda á **Flautuna** sem er rafrænt ábendingarkerfi varðandi misferli í starfsemi Reykjavíkurborgar.

¹ Hér er vísað í nýja upplýsingastefnu borgarinnar sem samþykkt var í borgarráði 9. júlí 2015 og vísað til umræðu í borgarstjórn 1. sept. 2015.

Í þessu verkefni um birtingu fjárhagsgagna verði það fjármálastjóri Reykjavíkurborgar sem ber ábyrgð á gögnunum.

2.2. Lýsing á gagnasafni

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um birtingu á gagnasafni, þarf að liggja fyrir **lýsing á gagnasafninu** þar sem fram koma upplýsingar um gagnasafnið, heiti þess, tímabil, útgáfuáætlun, staðla, forsendur birtingar, ábyrgðaraðila, umsjónarmann og önnur gagnleg atriði. Lýsingin verði samþykkt af ábyrgðaraðila og skjöluð í skjalakerfi Reykjavíkurborgar þegar ákvörðun er tekin um birtingu nýs gagnasafns ásamt fyrstu gagnaskránni sem birt verður. Sjá nánar í **viðauka 1: Lýsing á gagnasafni**.

2.3. Lýsigögn

Svokölluð **lýsigögn** (meta-data) skulu liggja fyrir og fylgja gagnaskránni til birtingar. Þau innihaldi upplýsingar sem lýsa gögnunum, uppruna þeirra og innihaldi. Hlutverk lýsigagna er að koma til skila upplýsingum um innihald gagnanna svo hægt sé að raða þeim og flokka². Þá eru þau notuð af ýmsum leitarvélum til leitar á gögnum á vefnum. Margir staðlar eru til um framsetningu og innihald lýsigagna en hér er stuðst við innihaldslýsingu skv. staðlinum **Dublin Core Metadata Element Set, Version 1.1**.

Lýsigögnin verði færð inn í **vefform**, þ.e. skráningarform á vefnum sem ábyrgðar- eða umsjónarmaður fyllir út. Fram kemur á hvaða formi gögn þurfa að vera og hvaða upplýsingar þurfa að fylgja gagnasafni áður en það er gert aðgengilegt. **Upplýsinga- og vefdeild** ber ábyrgð á aðgangi slíku vefformi. Drög að efnislegu innihaldi lýsigagna er að finna í **viðauka 2: Lýsigögn**.

2.4. Verkferill við birtingu opinna gagna

Lagt er til að verkferill fyrir útgáfu nýs gagnasafns verði eftirfarandi:

1. Ábyrgðarmaður (þ.e. sviðsstjóri eða skrifstofustjóri miðlægrar stjórnssýslu) staðfestir lýsingu á gagnasafni, sbr. lið 2.2, eftir að hafa gengið úrskugga um heimildir til birtingar gagna þar sem við á og skjalar gögn í skjalakerfi.
2. Ábyrgðarmaður eða umsjónarmaður útbýr gögn til birtingar³.
3. Ábyrgðarmaður eða umsjónarmaður fyllir út vefform fyrir lýsigögn með viðeigandi upplýsingum sbr. lið 2.3.
4. Ábyrgðarmaður sendir gagnaská með vefforminu og er hún í kjölfarið gerð aðgengileg almenningi á vef.
5. Ábyrgðarmaður sendir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara tilkynningu um nýtt gagnasafn.

2.5. Leyfisskilmálar

Notkun opinna gagna er venjulega háð ákveðnum **leyfisskilmálum** sem birtir eru með þeim gagnaskrá sem færðar eru út á opna vefi til birtingar. Slíkir skilmálar heimila notkun gagnanna með þeim fyrirvörum sem þar koma fram.

² Heimild: Jóhann V. Gíslason, Varðveisla stafrænna gagna, bls. 30.

³ Sjá nánari umfjöllun í **viðauka 3: Tæknileg atriði**.

Hér er lagt til að notuð verði þýðing á leyfisskilmálum Breta fyrir notkun opinna gagna, sjá útfærslu í **viðauka 4: Skilmálar fyrir notkun opinna gagna**. Þýðingin var unnin fyrir vinnuhóp um birtingu fjárhagsupplýsinga fyrir ríkið og birt í viðauka með skýrslu þeirra sem gefin var út í apríl 2014, en telja verður að sömu sjónarmið eigi við um birtingu fjárhagsupplýsinga ríkis annars vegar og sveitarfélags hins vegar. Telja verður æskilegt að skrifstofa borgarlögmanns yfirfari og samþykki skilmálana. Gerður er fyrirvari um þau drög sem hér eru birt, þar sem unnið er að endurskoðun á skilmálunum í vinnuhópi á vegum innanríkisráðuneytis varðandi opin gögn ríkis og sveitarfélaga.

3. Innleiðing og kostnaðaráætlun

Lagt er til að innleiðing verði fjármögnuð í samræmi við hjálagða kostnaðaráætlun með þeim fyrirvörum sem hér koma fram.

Hjálögð kostnaðaráætlun miðar við þær tillögur sem fram koma í þessari skýrslu, þ.e. birtingu opinna gagna á vef Reykjavíkurborgar og vefnum opingogn.is. Þá verði þróuð rafræn gagnagátt með úrvinnslu gagna og myndrænni framsetningu.

Ekki gert ráð fyrir að beinn kostnaður við birtingu opinna gagna sé mikill, en hann felist einkum í uppsetningu og ráðgjöf. Kostnaður við uppsetningu á rafrænni gagnagátt á vef Reykjavíkurborgar er er hins vegar umtalsvert meiri en fer alfarið eftir því hversu mikið umfangið er. Hjálögð kostnaðaráætlun byggir á því að keyptur verði hugbúnaður fyrir rafræna gagnagátt, árlegum leyfisgjöldum sem því fylgir, hýsingu og almennri sérfræðiþjónustu sem ætla má að fylgi slíku kerfi. Gert er ráð fyrir að uppsetningin verði í samvinnu við fyrirtæki með sérþekkingu í birtingu talnagagna.

Til þess að fylgja málinu úr hlaði er gert ráð fyrir að ráðinn verði eða skipaður verkefnisstjóri vegna innleiðingar. Gert er ráð fyrir 50% starfshlutfalli í 4 mánuði. Hlutverk hans verði að leiða og undirbúa verkefnið, ljúka við skilgreiningu verkferla og koma vinnslu í reglubundinn farveg, skilgreina og undirbúa gagnaskár til birtingar, undirbúa framsetningu gagna í rafrænni gagnagátt á vef Reykjavíkurborgar, samskipti við þjónustuaðila, o.fl.

Þá er gert ráð fyrir að nauðsynlegt verði að fela sérfræðingi á fjármálaskrifstofu umsjón með birtingu gagnanna með reglubundnum hætti og er miðað við að það sé um 30% stöðugildi. Hlutverk hans er m.a. að gera gögn birtingarhæf hverju sinni, uppfæra gögn, svara fyrirspurnum, uppfæra veftöflur og viðhalda talnaborðum.

Annar innri kostnaður er ekki áætlaður en eins og fram kemur í lýsingu á framkvæmd koma ýmsir aðilar að málinu við innleiðingu, framkvæmd og eftirfylgni sem þurfa að hafa svigrúm til að sinna þeim verkefnum sem felast í birtingu opinna gagna Reykjavíkurborgar.

Samtals er gert ráð fyrir að heildarkostnaður á 3ja ára tímabili geti verið um 35 mkr, þar af vegna kaupa á hugbúnaði og þjónustu um 21 mkr. Fjárhæðin liggur á mörkum þess sem heimilt er skv. innkaupareglum og er því nauðsynlegt er að setja innkaup á slíkum búnaði í innkaupaferli. Ætla má að heppilegast verði að fara með kaupin í samkeppnisviðræður með forvali.

Gert er ráð fyrir að verði verkefnisstjóri skipaður fyrir verkefnið verði unnt að innleiða það á 4-6 mánuðum. Innkaupaferli er þar ekki meðtalið.

Kostnaðaráætlun

Vegna innleiðingar á rafrænni gagnagátt hjá Reykjavíkurborg

Nr.	Verkefni	Lýsing	Ár 1	Ár 2	Ár 3	Samtals
1	Verkefnisstjóri innleiðingar	Ráðinn verði eða skipaður verkefnisstjóri innleiðingar	1.500.000	0	0	1.500.000
2	Sérfræðingur	Launakostnaður vegna sérfræðings sem sinni birtingu fjárhagsgagna	2.700.000	2.700.000	2.700.000	8.100.001
3	Starfsmanna-kostnaður	Tölvu- og starfsmannakostnaður vegna verkefnisstjóra	560.000	252.000	252.000	1.064.001
Opin gögn						
4	Opin gögn	Uppsetning á búnaði og tengingar við vef opinna gagna	180.000	0	0	180.000
5	Ráðgjöf við uppsetningu og tengingar	Ráðgjafi frá OKF vegna uppsetningar, villutékk og frágangur til birtingar. Vinna mest í upphafi. Nýjar gagnaskrár fái sömu meðferð ár hvert.	300.000	90.000	90.000	480.000
Rafræn gagnagátt						
6	Val á kerfi	Ráðgjöf vegna þarfagreiningar fyrir kaup á hugbúnaði fyrir rafræna gagnagátt	1.200.000			1.200.000
7	Hugbúnaður fyrir rafræna gagnagátt	Grunnkostnaður við kaup á rafrænni gagnagátt	7.000.000			7.000.000
8	Notendaleyfi	Mánaðarleg þjónustugjöld	4.200.000	4.200.000	4.200.000	12.600.000
9	Sjálfvirk uppfærsla	Uppsetning á sjálfvirkri uppfærslu	432.000	144.000	144.000	720.016
10	Önnur þjónusta	Önnur þjónusta söluaðila	360.000	360.000	360.000	1.080.040
11	Hýsing	Kostnaður við hýsingu, server o.fl.	1.000.000			1.000.000
12	Leiga UTD		0			0
Samtals kostnaður			19.432.000	7.746.000	7.746.000	34.924.057

Þar af vegna kaupa á hugbúnaði og kostnaði við þjónustu	12.472.000	4.794.000	4.794.000	20.980.016
Annar stofn- og rekstrarkostnaður	6.960.000	2.952.000	2.952.000	13.944.041

4. Gagnaskrár

Í fyrsta fasa verði valið að birta gögn á ársgrundvelli. Valdar verða gagnaskrár til birtingar vegna ársins 2014 sem nánar er nánar lýst hér á eftir í **viðauka 5: Listi yfir gagnaskrár sem undirbúnar verði til birtingar**.

Í öðrum fasa verði lögð áhersla á að birta gögn þegar árshlutauppgjör liggja fyrir. Stefnt verði að því að árshlutauppgjör fyrir árið 2015 verði birt jafnóðum og þau hafa verið samþykkt og gerð opinber. Gagnaskrár þeirra verði útfærðar með sama hætti og gögn sem birt hafi verið á ársgrundvelli.

Í samþykktri tillögu um rafræna gagnagátt fyrir fjárhagsupplýsingar Reykjavíkurborgar segir að upplýsingar um allar kostnaðargreiðslur borgarinnar verði gerðar almenningi tiltækar með rafrænum hætti á netinu. Í því hlýtur að felast að birta ítarleg fjárhagsgögn, s.s. greiðslugögn þar sem opnað væri fyrir aðgengi á einstakar færslur. Slík birting þarf að taka mið af persónuverndarsjónarmiðum og lagalegri stöðu þeirra sem eiga viðskipti við Reykjavíkurborg.

Þegar gögn eru framreidd sem opin gögn (hrágögn) eru þau án persónugreinanlegra upplýsinga. Ástæðan er sú að samkvæmt íslenskri persónuverndarlöggjöf fer það eftir tilgangi í hverju tilfelli fyrir sig hvort heimilt sé að miðla persónuupplýsingum. Tilgangur með því að framreiða gögn sem opin gögn er hins vegar sá að hafa upplýsingarnar aðgengilegar án þess að vitað sé fyrirfram í hvað þær verða notaðar, af hverjum eða hvaða upplýsingum þær munu tengjast. Af þeim sökum hefur persónuupplýsingum verið haldið fyrir utan opin gögn á Íslandi - þ.m.t. í öllum þeim gagnasöfnum sem birt hafa verið á vefsvæðinu opingogn.is.

Þetta þarf þó ekki að þýða að ekki megi birta persónugreinanlegar upplýsingar úr fjárhagsgögnum Reykjavíkurborgar. Slík birting þarf hins vegar að vera unnin og birt þannig í rafrænni gagnagátt. Áður en slík birting er framkvæmd þarf að greina hvaða takmarkanir séu á birtingu og tilkynna birtinguna eftir atvikum til Persónuverndar. Skoða þarf hvort láta þurfi viðskiptavinum vita með formlegum hætti t.d. hvað varðar gögn aftur í tímann. Gera þarf viðmiðunarreglur um birtingu greiðslugagna þannig að skýrt sé hvað skuli birt t.d. hvaða fjárhæðir, og tryggja að viðskiptavinir borgarinnar verði upplýstir um þær þegar viðskipti eiga sér stað.

Stefna borgarinnar er sú að birta eins ítarlegar upplýsingar um fjárhag borgarinnar og lög leyfa hverju sinni. Í starfsáætlun í stjórnkerfis- og lýðræðismálum fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir að unnar verði starfsreglur um meðferð persónuupplýsinga. Niðurstaða þeirrar vinnu mun, þegar hún liggur fyrir, stýra og dýpka framsetningu fjárhagsgagna í rafrænni gagnagátt á vef Reykjavíkurborgar.

F.h. vinnuhóps um rafræna gagnagátt:

Halldóra Káradóttir, deildarstjóri áætlunar- og greiningardeildar
Þórhildur Ósk Halldórsdóttir, deildarstjóri tölfræði- og greiningardeildar
Hreinn Hreinsson, deildarstjóri upplýsinga- og vefdeildar
Ásta Guðrún Beck, erindreki gagnsæis og samráðs
Guðleif Edda Þórðardóttir, sérfræðingur fjármálaskrifstofu
Rebekka Helga Aðalsteinsdóttir, Agresso sérfræðingur (hætt störfum)

VIÐAUKI 1: Lýsing á gagnasafni

Heiti gagnasafns: _____

(nafn á gagnasafni)

Lýsing: _____

(greinargóð lýsing á innihaldi gagnasafns, mikilvægt er að fram komi upplýsingar um hvort um persónugreinanlegar upplýsingar er að ræða í gögnunum)

Tímabil gagna: _____

(fram komi hvort gögnin eru tekin saman á ársgrundvelli, mánaðarlega, daglega, meðaltal tímabils, eða annað)

Útgáfuáætlun: _____

(fram komi hversu oft eigi að birta gögnin)

Staðlar: _____

(fram komi hvort gögnin eru birt í samræmi við opinbera staðla)

Forsendur birtingar: _____

(fram komi hvaða forsendur þurfi að liggja til grundvallar birtingu, t.d. að uppgjör fyrir viðkomandi tímabil liggi fyrir og hafi verið birt opinberlega með tilkynningu í Kauphöll)

Ábyrgðarmaður: _____

(starfsheiti, t.d. fjármálastjóri Reykjavíkurborgar)

Umsjónarmaður: _____

(starfsheiti, t.d. sérfræðingur á fjármálaskrifstofu)

VIÐAUKI 2: Lýsigögn

Dæmi um efnislegt innihald lýsigagna skv. **Dublin Core metadata Element Set, Version 1.1**

Efnisatriði skv. staðli	Ísl. þýðing	Lýsing
Contributor	Eigandi gagna	Stofnun sem er eigandi gagnanna.
Corvorage	Svæði /tímabil /lögsaga	Staðbundnar eða tímabundnar upplýsingar um viðfangsefnið/gögnin. Tilvísun í lögsögu.
Creator	Höfundur	Stofnun eða rekstrareining sem ber ábyrgð á viðkomandi gögnum.
Date	Dagsetning	Dagsetning eða tímabil gagnanna.
Description	Lýsing	Greinargóð lýsing á gögnunum.
Format	Snið gagna	Lýsing á sniði gagnanna, þ.m.t. stærð eða umfang.
Identifier	Auðkenni	T.d. raðnúmer
Language	Tungumál	Tungumál gagna.
Publisher	Útgefandi	Ábyrgðaraðili gagna.
Relation	Vensl (tengsl)	Tengsl gagna.
Rights	Réttindi	Upplýsingar um notendaskilmála.
Source	Uppruni	Lýsing á uppruna gagnanna.
Subject	Efni	Efni gagnanna. T.d. „fjármál“.
Title	Titill	Heiti gagnaskrár / gagna
Type	Tegund	Eðli eða tegund gagnanna.

Sjá nánari upplýsingar á eftirfarandi vefslóð: <http://dublincore.org/documents/dces/>

Vefform lýsigagna verði útfært með nánari hætti af Upplýsinga- og vefdeild.

VIÐAUKI 3: Tæknileg atriði

Birting gagna á www.opingogn.is felur í sér að nýtt er **vefgátt** sem þegar þegar hefur verið sett upp og þróuð. Fyrirkomulag vefgáttarinnar er þannig að Þjóðskrá veitir heimild til að birta söfn á svæði Reykjavíkurborgar innan vefgáttarinnar. Þegar eru birtir ný gagnapakkar frá Reykjavíkurborg, einkum landupplýsingar á vegum Umhverfis- og skipulagssviðs. Aðskildar aðgangsheimildir eru fyrir tiltekna notendur eða deildir og er birting gagnapakka notendum að kostnaðarlausu. Gagnapakkar eru undirbúnir hjá hverjum notanda fyrir sig og gögnin sett fram í samræmi við CKAN⁴ söfn. Gögnin eru vistuð hjá notendum en streymt í gegnum síðuna opingogn.is. Gögn sem birt væru á rafrænni gagnagátt Reykjavíkurborgar þurfa því að vera hæf til birtingar á opingogn.is þar sem ætlunin er að streyma þeim beint.

Fyrir birtingu á rafrænni gagnagátt Reykjavíkurborgar og opingogn.is eru gögn tekin saman, hreinsuð og villuprófuð. Fyrir fjárhagsgögn er notað opið snið eins t.d. CSV skráarsnið. Í gögnunum þurfa að vera fyrirsagnir og engar tómar línur. Mögulegt er að villuprófa gögnin með UTF-8 stafakótun.⁵

Verkferill um samantekt gagna fyrir birtingu gagnasafns:

1. Fyrirspurn er keyrð í fjárhagskerfi og athugað að tímabil sé rétt skilgreint fyrir gögnin.
2. Gögn rýnd og stemmd af við samanburðarhæf útgefin gögn og uppgjör.
3. Gagnaskrá sett upp skv. skilgreiningu UTD og vistuð á réttu formi.
4. Gagnaskrá sett inn á gagnasvæði Reykjavíkurborgar í gegnum vefform sbr. lýsingu í kafla 2.3 og birt þar.
5. Gagnaskrá varpað yfir á vefinn opingogn.is. Samþykktarferli fylgt samkvæmt skilgreiningum áður en gögn birtast á vefnum.

⁴ CKAN er gagnakerfi fyrir geymslu og dreifingu gagna í opnum vefaðgangi.

⁵ Mögulegt er að kaupa þjónustu af Open Knowledge Fund til þess að villuprófa gögn og ganga frá til birtingar.

VIÐAUKI 4: Skilmálar fyrir notkun opinna gagna

Drög að leyfi, samkvæmt 31. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, fyrir opin gögn frá Reykjavíkurborg

Höfð var hliðsjón af breska leyfinu „Open government licence“ <http://www.nationalarchives.gov.uk/doc/open-government-licence/>

Leyfi til notkunar opinna gagna Reykjavíkurborgar, skv. 31. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012

Þú ert hvattur til að nota og endurnýta þær upplýsingar sem eru gerðar aðgengilegar samkvæmt þessu leyfi, að uppfylltum eftirfarandi skilmálum.

Notkun upplýsinga með þessu leyfi

Með notkun efnis sem hefur verið gert aðgengilegt samkvæmt þessu leyfi (hér eftir kallað „upplýsingarnar“) telst þú hafa samþykkt eftirfarandi skilmála og skilyrði.

Reykjavíkurborg gefur þér ótímabundið leyfi til varanlegrar notkunar upplýsinganna hvar sem er, án gjaldtöku og gefur eftir einkarétt sinn, sé honum til að dreifa, að uppfylltum skilyrðunum hér fyrir neðan.

Þetta leyfi skerðir ekki réttindi notenda skv. 2. kafla höfundalaga nr. 73/1972 um takmarkanir á höfundarétti.

Þú færð leyfi til að:

- afrita, birta, dreifa og senda upplýsingarnar,
- aðlaga upplýsingarnar og
- endurnýta upplýsingarnar í hagnaðarskyni til dæmis með því að setja þær saman við aðrar upplýsingar eða með því að hafa upplýsingarnar sem hluta af þinni vöru eða hugbúnaði.

Þú verður, þegar þú gerir eitthvað af ofantöldu, að:

- láta koma fram að þær upplýsingar sem byggt er á stafi frá Reykjavíkurborg með eftirfarandi texta: Byggt á gögnum frá Reykjavíkurborg. Einnig skal vísa í þetta leyfi þar sem því verður við komið.

Gættu að því að:

- þú notir ekki upplýsingarnar með þeim hætti að þú gefir til kynna að þú sért í opinberri stöðu eða að upplýsingaveitandinn samþykki þig sérstaklega sem notanda eða notkun þína á upplýsingunum;
- þú villir ekki um fyrir öðrum eða birtir upplýsingarnar eða getir um uppruna þeirra með villandi eða röngum hætti;
- notkun þín á upplýsingunum stangist ekki á við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 eða 6. gr. upplýsingalaga um gögn sem eru undanþegin upplýsingarétti almennings.
- Ef þú fylgir ekki þessum skilyrðum eru réttindi þín samkvæmt þessu leyfi sjálfkrafa afturkölluð.

Undantekningar

Þetta leyfi nær ekki til notkunar á:

- persónuupplýsingum;

- einkennismerki opinberra aðila eða skjaldarmerki nema þar sem þau geta talist mikilvægur hluti af skjalinu eða gagnasafninu;
- réttindindum þriðja aðila sem Reykjavíkurborg hefur ekki heimild til að gefa út undir þessu leyfi;

Engin ábyrgð

Reykjavíkurborg er undanskilin fyrirsvari, ábyrgð, skyldum og skaðabótum í tengslum við upplýsingarnar að því marki sem lög leyfa.

Reykjavíkurborg ber ekki ábyrgð á neinum villum eða vanskráningu í upplýsingunum og skal ekki vera ábyrg fyrir neinu tapi, meiðslum eða skaða sem hlýst af notkun þeirra. Reykjavíkurborg ábyrgist ekki áframhaldandi aðgengi að upplýsingunum.

Gildandi lög

Þetta leyfi er háð lögum í því lagaumhverfi þar sem upplýsingaveitandinn hefur aðsetur nema annað sé tekið fram af upplýsingaveitandanum.

Skilgreiningar

Í þessu leyfi hafa orðin hér fyrir neðan eftirfarandi merkingu:

„upplýsingar“

stendur fyrir þær upplýsingar sem falla undir höfundarétt eða vernd gagnagrunna (til dæmis bókmennta- eða listaverk, efnisinnihald, gögn eða frumkóta hugbúnaðar) sem eru gefin út samkvæmt skilmálum þessa leyfis.

„nota“

sem sagnorð, stendur fyrir framkvæmd þeirra aðgerða sem eru varðar með höfundarétti eða vernd gagnagrunna, hvort sem er með upprunalegum miðli eða öðrum miðli og felur í sér takmörkun á dreifingu, fjölfjöldun, aðlögun og breytingum sem eru tæknilega nauðsynlegar til notkunar með öðrum hætti eða á öðru sniði.

„þú“

stendur fyrir einstakling eða lögaðila eða hóp slíkra aðila sem fær þau réttindi sem leyfið veitir.

VIÐAUKI 5: Listi yfir gagnaskrár sem undirbúnar verði til birtingar

Eftirfarandi er drög að lista yfir gagnaskrár sem mætti hefja birtingu á:

Gögn	Tíðni	Aðferð	Ábyrgð
Rekstrarreikningur A-hluta	Ársfjórðungslega	Umbreyta excelskjali yfir í CSV	Uppgjör
Rekstrarreikningur Samstæðu	Ársfjórðungslega	Umbreyta excelskjali yfir í CSV	Uppgjör
Efnahagsreikningur A-hluta	Ársfjórðungslega	Umbreyta excelskjali yfir í CSV	Uppgjör
Efnahagsreikningur Samstæðu	Ársfjórðungslega	Umbreyta excelskjali yfir í CSV	Uppgjör
Sjóðsstreymi A-hluta	Ársfjórðungslega	Umbreyta excelskjali yfir í CSV	Uppgjör
Sjóðsstreymi Samstæðu	Ársfjórðungslega	Umbreyta excelskjali yfir í CSV	Uppgjör
Fjárhagsáætlun RK	Árlega	Tekið úr Agresso - þarf að skoða hversu samandregið gögnin eiga að vera	Áætlun
Fjárhagsáætlun ES	Árlega	Tekið úr Agresso - þarf að skoða hversu samandregið gögnin eiga að vera	Áætlun
Fjárhagsáætlun BS	Árlega	Tekið úr Agresso - þarf að skoða hversu samandregið gögnin eiga að vera	Áætlun
Rekstraryfirlit RK	Mánaðarlega	Tekið úr Agresso - þarf að skoða hversu samandregið gögnin eiga að vera - helst þannig að hægt sé að tengja fjárhagsáætlun	Uppgjör
Rekstraryfirlit ES	Mánaðarlega	Tekið úr Agresso - þarf að skoða hversu samandregið gögnin eiga að vera - helst þannig að hægt sé að tengja fjárhagsáætlun	Uppgjör
Rekstraryfirlit BS	Mánaðarlega	Tekið úr Agresso - þarf að skoða hversu samandregið gögnin eiga að vera - helst þannig að hægt sé að tengja fjárhagsáætlun	Uppgjör